

REGLUR

um efnanotkun á vinnustöðum.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglur þessar gilda um notkun efna á vinnustöðum sem falla undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Reglur þessar gilda um notkun eftirfarandi efna:

- a) Efni sem flokkuð eru samkvæmt reglugerð nr. 236/1990 sem eiturefni eða hættuleg efni og vörutegundir sem innihalda slík efni.
- b) Efni sem hafa ákveðin mengunarmörk eða eru flokkuð sem krabbameinsvaldandi efni samkvæmt reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun og vörutegundir sem innihalda slík efni.
- c) Eiturefni og hættuleg efni sem notuð eru í landbúnaði og til útrýmingar meindýra, samkvæmt reglugerð nr. 50/1984.
- d) Efni sem vegna efnafræði- eða eðlisfræðilegra eiginleika geta að mati Vinnueftirlits ríkisins valdið heilsutjóni eða skapað slyshættu við notkun á vinnustöðum.

Ákvæði þessara reglna gilda ekki um efni sem falla undir lög nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda, lyfjalög nr. 108/1984 og lög nr. 117/1985 um geislavarnir, nema hvað varðar aðra varasama eiginleika en geislavirkni.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

2. gr.

Vinnu skal skipuleggja þannig að tryggt sé að starfsmenn verði ekki fyrir slysi, eitrunum eða heilsutjóni vegna efnanotkunar. Meta skal bæði áhrif einstakra efna svo og heildaráhrif vegna efnanotkunar á vinnustað. Taka skal tillit til annarra atriða sem geta haft áhrif á slysa-, eitrunar- eða heilsufarshættu svo sem eld- eða sprengihættu eða hvarfgimi efna. Taka skal tillit til bæði lang- og skammtímaáhrifa efnamengunar.

Framleiðendur, innflytjendur eða seljendur efna, atvinnurekendur, verkstjórar og aðrir starfsmenn skulu framfylgja og fara eftir ákvæðum þessara reglna í samræmi við skyldur þeirra sem kveðið er á um í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. ennfremur skyldur atvinnurekenda í V. kafla þessara reglna.

Starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra á vinnustað skulu hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um þau efni sem notuð eru á þeirra vinnustað svo sem þeim verklagsreglum og öryggisleiðbeiningum sem kveðið er á um í VI. kafla og gildandi reglum um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.

III. KAFLI

Umbúðir og merkingar.

3. gr.

Efni sem geta verið varasöm, heilsuspillandi eða geta dregið úr öryggi á vinnustað skulu, ef ekki er kveðið á um annað, vera í tryggum umbúðum sem uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) Umbúðir skulu hafa þannig lögun og vera þannig lokaðar að innihaldið fari ekki úr þeim af slysi.
- b) Umbúðir og lok skulu vera úr efni sem leysist ekki upp af innihaldinu eða gengur í samband við það þannig að varasöm efni geti myndast eða að dragi úr styrk umbúðanna eða loksins.
- c) Umbúðir og lok skulu vera það traust að öruggt sé að efni losni ekki úr umbúðum vegna slysi. Umbúðir og lok skulu þola þá meðferð sem nauðsynleg er vegna notkunar efnanna á vinnustöðum.
- d) Umbúðir skulu vera þannig gerðar að losun úr þeim að hluta eða öllu leyti sé framkvæmanleg á öruggan hátt.

Umbúðir skulu vera merktar í samræmi við reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna og hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

Umbúðir um eiturefni og hættuleg efni sem notuð eru í landbúnaði og til útrýmingar meindýra samkvæmt reglugerð nr. 50/1984 skulu vera merktar samkvæmt þeirri reglugerð.

Merkingar skulu vera bæði á ystu og innri umbúðum. Þegar ystu umbúðir eru til komnar vegna flutnings efna er nægilegt að þær séu merktar samkvæmt merkingarreglum um flutning varasamra efna.

Þegar fyrirtæki flytur sjálft inn efni eða vörutegundir eða kaupir þær af innflytjanda og notar þær eingöngu í fyrirtækinu sem hráefni við framleiðslu er nægjanlegt að merkingar séu samkvæmt merkingarreglum um flutning varasamra efna. Í slíkum tilvikum skulu vera greinilegar merkingar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 236/1990 við geymslustað, á hillum, vörubrettum eða öðru álíka. Ef efni eru notuð við rannsóknir á rannsóknarstofum af starfsmönnum sem hafa sérþekkingu á því sviði og hafa kunnáttu um þær hættur sem eru samfara notkun efnanna er nægjanlegt að umbúðir séu merktar samkvæmt reglum Evrópusambandsins nr. 67/548 enda skilji viðkomandi starfsmaður tungumál það sem merkingarnar eru á. Í báðum tilvikum skal vera tryggt að til staðar séu verklagsreglur og öryggisleiðbeiningar á íslensku samkvæmt reglum þessum til að koma í veg fyrir hættu á heilsutjóni eða slysi.

Umbúðir aðrar en upprunanlegar umbúðir eða ílát sem varasömum efnum hefur verið hellt í til notkunar, geymslu eða sem efnaúrgangur skulu merktar á sama hátt og upprunalegu umbúðirnar.

Varúðarskilti og varúðarmerki skulu sett upp þar sem þörf er á til að hindra að varasöm efni valdi heilsutjóni.

Fastir geymar sem innihalda varasöm efni skulu vera merktir á sama hátt og umbúðir eða með skilti þar sem innihald geymisins kemur fram. Sama á við um fargeyma sem notaðir eru til flutninga. Við flutninga skal að öðru leyti fara eftir reglum um merkingar við flutninga, sbr. gr. 3.2.

Leiðslur fyrir varasamar lofttegundir og vökva skulu merktar með texta, lit og ör sem sýnir straumstefnuna og eftir þörfum hættu- eða varúðarmerkingum. Í textanum skulu koma fram upplýsingar um innihald leiðslunnar, t.d. hvaða lofttegund eða vökva um er að ræða, svo og upplýsingar um þrýsting og hitastig efnis í leiðslunni eftir því sem við á. Ef efnum er tappað af leiðslum skulu framangreindar upplýsingar koma greinilega fram við aftöppunarstaðinn. Sama á við um aftöppun af geymum. Litamerkingar á leiðslum skulu vera í samræmi við viðurkennda norræna eða alþjóðlega staðla.

IV. KAFLI

Skyldur framleiðanda og innflytjanda.

4. gr.

Framleiðandi og innflytjandi á efnum sem falla undir ákvæði þessara reglna skulu tilkynna þau til Vinnueftirlits ríkisins með þeim upplýsingum sem kveðið er á um í viðauka 1. Framleiðendur efna eða innflytjendur skulu tilkynna Vinnueftirliti ríkisins ef efni fá ný eða breytt verslunarheiti.

Komi fram nýjar upplýsingar um efni er varða þau atriði sem kveðið er á um í viðauka 1 skal framleiðandi eða innflytjandi koma þeim upplýsingum á framfæri við Vinnueftirlit ríkisins.

Vinnueftirlit ríkisins heldur skrá yfir varasöm efni sem tilkynnt eru samkvæmt gr. 4.1 og 4.2. Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um notkun skráarinnar, þ.á.m um það hverjir skuli hafa aðgang að upplýsingum í henni.

Þegar Vinnueftirlit ríkisins fer fram á það, eða þegar aðstæður gefa að öðru leyti tilefni til þess, skal framleiðandi eða innflytjandi efna afla og veita allar nauðsynlegar upplýsingar til að hægt sé að meta hvort efnin geti verið hættuleg öryggi og heilsu.

Sá sem afhendir efni til notkunar á vinnustað skal sjá til þess að öryggisleiðbeiningar séu fyrirbyggjandi, samanber gildandi reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.

V. KAFLI

Skyldur atvinnurekanda.

5. gr.

Vinnu með efni skal haga þannig að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta.

Áður en efni er tekið í notkun skal atvinnurekandi ganga úr skugga um eftirfarandi atriði:

- a) Að leyfilegt sé að nota viðkomandi efni við starfsemina.
- b) Hvort mögulegt sé að nota önnur hættulaus, hættuminni eða öruggari efni.
- c) Að hægt sé að nota efnið þannig að það stofni ekki öryggi og heilsu starfsmanna í voða.
- d) Hvort einhverjar takmarkanir eru á því hvaða starfsmenn mega vinna með efnið samkvæmt öðrum gildandi reglum.
- e) Að umbúðir efna séu merktar samkvæmt reglum þessum og að til séu verklagsreglur og öryggisleiðbeiningar eftir því sem við á, sbr. VI. kafla.
- f) Að starfsmönnum hafi verið kynntar nauðsynlegar verklagsreglur og öryggisleiðbeiningar.

Efni sem eru varasöm, geta dregið úr öryggi eða skapað hættu á heilsutjóni má ekki nota ef hægt er að nota önnur efni sem eru ekki eins varasöm en sambærileg að öðru leyti, sbr. þó gr. 5.4.

Við útskipti varasamra efna skal tekið tillit til tæknilegra eiginleika og kostnaðarauka, sem þeim kann að fylgja, auk eiginleika er varða öryggi og hættu á heilsutjóni.

VI. KAFLI Verklagsreglur.

6. gr.

Þar sem unnið er með efni sem falla undir ákvæði þessara reglna skulu vera fyrir hendi öryggisleiðbeiningar fyrir hvert einstakt efni og verklagsreglur þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram eftir því sem við á.

- a) Verslunarheiti efnis.
- b) Notkunarsvið á vinnustaðnum.
- c) Takmarkanir á notkun.
- d) Kröfur um sérstaka menntun eða þjálfun þeirra sem vinna með efnið.
- e) Heilsufarsleg áhrif, þar með talin einkenni við inntöku og vegna mengunar.
- f) Vinnureglur við meðhöndlun efnisins, þar með taldar upplýsingar um vinnufatnað og persónulegan hlífðarbúnað og hvort óviðkomandi sé bannaður aðgangur.
- g) Skyndihjálp.
- h) Eiginleikar við upphitun og bruna.
- i) Viðbrögð við bruna.
- j) Viðbrögð við óhöppum, svo sem ef efnið hellist niður og upplýsingar um reglur um förgun efnisins.
- k) Öryggisreglur um geymslu efnisins á vinnustaðnum.
- l) Merkingar, samanber III. kafla.

VII. KAFLI Geymsla efna.

7. gr.

Geyma skal eins lítið og unnt er af efnum inni í vinnurými og ekki meira en þörf er á vegna notkunar hverju sinni. Efni skal geyma í sérstökum efnageymslum þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim. Efni sem eru flokkuð sem eitrefni samkvæmt reglugerð nr. 236/1990 og vörutegundir sem innihalda slík efni og krabbameinsvaldandi efni sem eru í skrá 2 í reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun skulu geymd í læstri geymslu, aðskilin frá öðrum efnum.

Loftræsta skal efnageymslur á fullnægjandi hátt með tilliti til þeirra efna sem þar eru geymd.

Við geymslu efna skal taka tillit til hvort varasamt sé að geyma ólík efni saman t.d. vegna þess að þau geti hvarfast hvert við annað og skapað hættu. Einnig skal taka tillit til áhrifa ljóss, hitastigs, raka eða vatns á efnin. Við frágang efna í geymslum skal taka tillit til hættu á falli t.d. vegna jarðskjálfta.

Ef nauðsyn krefur t.d. vegna umferðar skulu geymar og leiðslur girt af með öryggisgirðingu.

Ef starfsemi fyrirtækja er lögð niður skal koma efnum sem falla undir reglur þessar í örugga geymslu eða ganga þannig frá þeim að engin hættu skapist af völdum þeirra.

VIII. KAFLI Persónulegur hlífðarbúnaður.

8. gr.

Starfsmenn skulu fá og nota nauðsynlegan hlífðarbúnað ef ekki er hægt á annan hátt að skipuleggja vinnu með efni þannig að fyllsta öryggis sé gætt og komið í veg fyrir hættu á heilsutjóni.

IX. KAFLI
Mengunarmörk.

9. gr.

Vinnueftirlit ríkisins setur mengunarmörk fyrir einstök efni samanber reglur nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun.

X. KAFLI
Önnur ákvæði.

10. gr.

Framkvæmd skráningar samkvæmt 1. - 3. mgr. 4. gr. skal gerð í samráði við Hollustuvernd ríkisins og Brunamálastofnun ríkisins. Þessar stofnanir skulu hafa aðgang að skrám Vinnueftirlitsins yfir varasöm efni.

Vinnueftirlit ríkisins getur gert kröfur um að atvinnurekandi tilkynni um þau efni sem notuð eru við starfsemina og falla undir reglur þessar.

Vinnueftirlit ríkisins getur þegar sérstakar ástæður mæla með því veitt undanþágu frá ákvæðum þessara reglna. Einnig getur Vinnueftirlitið ákveðið að tiltekin efni eða flokkur efna sé undanþeginn ákvæðum þessara reglna enda sé tryggt að öryggi og heilsu starfsmanna sé ekki stefnt í hættu.

XI. KAFLI
Áfrýjun úrskurða, refsíákvæði, gildistaka.

11. gr.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á þessum reglum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

12. gr.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

13. gr.

Reglur þessar sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38., 39., 50. og 51. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. janúar 1997.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. september 1996.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

VIÐAUKI 1

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í tilkynningu framleiðanda og innflytjenda efna til Vinnueftirlits ríkisins, sbr. gr. 4.1. Upplýsingarnar skulu vera í samræmi við öryggisleiðbeiningar, sbr. gildandi reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.

- 1) Söluheiti efnis eða vörutegundar, nafn, heimilisfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.
- 2) Samsetning/upplýsingar um innihald.
- 3) Varúðarupplýsingar.
- 4) Skyndihjálp.
- 5) Bruni/aðferðir við að slökkva eld.
- 6) Efnaleki.
- 7) Meðhöndlun og geymsla.
- 8) Eftirlit með mengun/persónulegur hlífðarbúnaður.
- 9) Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.
- 10) Stöðugleiki og hvarfgirni.
- 11) Eiturfræðilegar upplýsingar.
- 12) Hættur gagnvart umhverfinu.
- 13) Förgun.
- 14) Flutningur.
- 15) Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörutegundarinnar.
- 16) Aðrar upplýsingar.